

EFTIRLITSSKÝRSLA

Elkem Ísland ehf. Hvalfjörður



Dags eftirlits	31.10.2013	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Elkem Ísland ehf.	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Heimili	Grundartanga	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	6406750209	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Pétursson	ÍSAT nr.	24.10.0
Fulltrúi fyrirtækis	Þorsteinn Hannesson	Staðsetning	365514,62 431317,984

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu ekki fram ný frávik en enn er unnið að úrbótum tveggja eldri frávíka.

- Frávik þar sem að sólarhringsstyrkur SO₂ yfir starfsleyfismörkum við Kríuvörðu. Löjuverin á Grundartanga hafa frest til 28.nóvember 2013 til að skila nánari greiningu og áætlun um mótvægisáðgerðir ef við á.
- Frávik í frárennismælingum. Svífagnir og ál mælast yfir starfsleyfismörkum auk þess sem að sýrustig er lægra en starfsleyfismörk kveða á um.

Ein athugasemd var gerð í eftirlitinu þar sem að framleiðsluúrgangi er safnað fyrir á verksmiðjulóðinni.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var byrjað á að fara yfir skráningar og gagnaskil sem kveðið er á um í starfsleyfi.

Skýrsla um rekstur reykheinsivirkja var skilað til UST 23. september sl. Farið var yfir niðurstöður mælinga og eru þær innan losunarmarka.

Þá var farið yfir rykmælingar í útblæstri. Umhverfisstofnun óskaði eftir skýrslum um rykmælingarnar fyrir árið 2011 og 2012 í eftirlitinu og hafa þær nú borist stofnuninni. Sýni úr síuryki hafa verið send til Noregs til greiningar á þungmálmum og er niðurstaðna að vænta fyrir árslok.

Þá var farið yfir úrgangsmál og skráningar.

Áætlun um endurnýtingu og meðhöndlun úrgangs hefur verið samþykkt af hálfu UST.

Gámaþjónustan sér um móttöku almenns úrgangs en spilliefni eru send til Efnamóttökunnar. Gámaþjónustan skráir allan móttækin úrgang í rafrænt skráningarkerfi sem Elkem hefur aðgang að. Efnamóttakan sendir yfirlit yfir móttöku spilliefna eftir Úrgangur er flokkaður að mestu leyti innan svæðis en Gámaþjónustan sér um ítarlegri flokkun sé þess þörf (t.d. ítarlegri flokkun timburs).

Hreinsitækni sér um flutning spilliefna og tæmingu setþróa og olúgildra.

Flæðigryfjur Elkem eru orðnar yfirfullar. Þar sem að flæðigryfjur Elkem, Norðuráls og Faxaflóahafna liggja alveg saman var rætt um mikilvægi þess að gryfjurnar væru aðskildar á greinilegan hátt, þar sem að aðskilin starfsleyfi þ.e. gildandi starfsleyfi Elkem og Norðuráls, gilda fyrir hvert svæði í gryfjunni. Umhverfisstofnun hefur óskað eftir greinagerð um útfærslu flæðigryfjunnar til samþykktar. Nú er framleiðsluúrgangi safnað fyrir á haug innan svæðis Elkem.

Þá var rætt um frárennismál.

Unnið hefur verið að úrbótum í kjölfar frávíks þar sem að niðurstöður frárennismælinga hafa verið yfir losunarmörkum fyrir svífagnir, ál og olíu og fitu. Í kjölfar endurbóta á frárenniskerfi þar sem að auka settanki var bætt við voru gerðar frárennismælingar. Niðurstöður frárennismælinga um svífagnir og olíu og fitu lágu fyrir þegar eftirlitið fór fram en niðurstöður efnagreininga á málmum voru væntanlegar. Niðurstöður mælinganna hafa nú borist Umhverfisstofnun.

Endurskoðun mæliáætlunar er komin langt á veg. Elkem hefur sent Umhverfisstofnun nýja tillögu að mæliáætlun eftir breytingatillögur Umhverfisstofnunar og gerir stofnunin ekki frekari athugasemdir við hana. Stofnunin óskar þó eftir mæliáætluninni á skýrsluformi þar sem að ætlunin er að birta mæliáætlunina á vef Umhverfisstofnunar.

Frávik vegna sólarhringsstyrkst SO₂ við Kríuvörðu er í eftirfylgni. Löjuverin á Grundartanga hafa frest til 28. nóvember til að skila ítarlegri greiningu á frávikinu og tímasetta úrbótaáætlun ef við á. Unnið er að greingarvinnu til að greina dreifingu SO₂ á svæðinu.

Ein ábending barst stofnuninni 3.júlí sl. vegna reyks sem lagði frá verksmiðjunni. Reyklosið stafaði að bilun í hitanema en losunin var innan losunarmarka starfsleyfisins.

Frávik frá

Grein 2.12 og 2.16 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Ál og svifagnir mælast yfir losunarmörkum í starfsleyfi auk þess sem að sýrustig mælist lægra en losunarmörk í starfsleyfi kveða á um.

Grein 2.14 í starfsleyfi

Sólarhringsstyrkur SO₂ mælist 21 sinnum yfir gróðurverndarmörkum á árinu 2011 og 15 sinnum yfir gróðurverndarmörk á árinu 2012.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð við að töluverður haugur af framleiðsluúrgangi hefur safnast upp á lóð verksmiðjunnar. Í starfsleyfi er heimilt að urða þessum úrgangi í flæðigryfjum en þar sem að núverandi flæðigryfjur eru fullar hefur honum verið safnað saman á verksmiðjulóðinni.

Reykjavík, 19.11.2013



Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.